

LANDSMÓT FÁLKASKÁTA 2022

Annað fréttabréf



Kæru skátar og skátavinir.

Undirbúningur að Fálkaskátamótinu er í fullum gangi, dagskráin óðum að taka á sig mynd og allt að smella saman.

Eins og segir í fyrra bréfi, þá verður dagskráin með svipuðu sniði og mótið sem var í Dölunum árið 2018, en það mót var einnig einungis fyrir fálkaskáta.

Ísbjörninn. Meðal annars verður tálgun, skylmingar, leikir og handverk og **já!** það verður Ísbjörn. Þá er vaknað eldsnemma og haldið fylktu liði að Úlfjótuvatni og dýft sér í vatnið sem er ansi kalt svo það þarf að vera talsvert harður af sér til að gera þetta. Ísbjörninn fer fram undir dyggri stjórn og eftirliti fullorðinna. Athugið að ísbjörninn er val og það eru alls ekki allir sem kæra sig um dýfa sér í ískalt Úlfjótuvatn eldsnemma að morgni.

Vatnasafari. Auðvitað sleppum við ekki vatnasafariínu, svo við minnum á að koma með föt við hæfi fyrir það. Sem sagt föt og skó sem mega verða grútskítug og jafnvel aldrei notuð aftur.

Maturinn. Allur matur er innifalin í mótsgjaldi og matseðilinn er klár. Fyrsta flokks skátamatur á boðstólum, sameiginlegt borðhald félaganna í hádeginu og á kvöldinn en morgunmatur, miðdags og kvöldhressing í tjaldbúðum félaganna.

Ílát og dallar. Félögin eru beðin um að taka með sér loftþétt ílát fyrir þurrmatinn sem verður skammtaður fyrir hvert félag og að skátarnir komi með eigin matarílát sem þau vaska upp sjálf.

Kaffi. Ó já, ætlunin er að hafa alltaf heitt á könnunni.

Seyðurinn. Muna eftir drykkjarkönnu ef þið hittið seyðkonu með göróttan drykk í skjóðu, þá gæti verið í boði að smakka. Drykkur seyðkonunnar er búin til úr berjum og jurtum úr náttúrunni (ribena, birkilauf og blóðberg). Látið endilega vita ef einhver er með ofnæmi og getur ekki smakkað á þessum drykk, þá á seiðkonan fleiri uppskriftir.

Hjálparar. Þó dagskrárpóstar séu í umsjón úrvalsliðs þarf fleiri sjálfbóðaliða þeim til aðstoðar í ýmis önnur viðvik eins og aðstoð í eldhúsi, frágang og fleira.

Öll aðstoð 16 ára eða eldri er vel þegin hvort sem er allt mótið eða bara hluta og endilega taka fram ef það er eitthvað sérstakt hlutverk eða verkefni sem ykkur langar.

Í boði er gisting í skála og matur. Áætlað er að það verði búið að ganga frá tveimur til þremur tímum eftir slit. Eftir það setjumst við öll sem komu að skipulagningu, hjálparar o.s.frv. og njótum samveru yfir góðum mat.

Það er vissulega áskorun að vera sjálfbóðaliði á skátamóti, að leggja af mörkum til að mótið verði sem allra best, eflast sem skáti og manneskja, kynnast nýju, læra nýtt, uppskera og verða stoltur af að hafa tekið þátt, verið með í þessu.



Þeir sem vilja vera hjálparar á fálkaskátamóti 2022 skrá sig á [Sjálfbóðaliðatorg | Skátarnir \(skatarnir.is\)](https://www.skatar.is)

Eða senda póst á falkaskatamot@skatarnir.is

Fjölskyldur. Á mótinu verða ekki sérstakar fjölskyldubúðir, tjaldstæðið verður opið fyrir almenning og auðvitað eru fjölskyldur skátana velkomnar þar eins og aðrir. Hafa ber í huga að skátamót er vettvangur fyrir skátann til að eflast í skátastarfi og læra á lífið. Það væri því ágætt að fjölskyldur skátanna héldu sig til hlés og leyfðu skátunum að njóta

Kvöldvaka. Verður á laugardagskvöldinu og eru félögin hvött til að koma með skemmtiatriði, leikþátt eða frumsamið lag til dæmis (ekki mög langt samt). Fjölskyldur skátanna eru velkomnar á kvöldvökuna.

Að þessu sögðu, þá verður þetta frábært mót þegar allir hjálpast að með sól í hjarta og bros á vörum. Meira að segja veðurguðirnir lofa góðu hvernig sem viðrar.

Með skátakveðju

Mótsstjórn.

